



FRÆDSLUPAKKI UM NÝJA AÐAL- NÁMSKRÁ

Ný aðalnámskrá boðar talsverðar breytingar og uppstokkun á starfsháttum og inntaki náms á Íslandi. Til þess að foreldrar og forsjáraðilar geti veitt börnum sínum stuðning í námi, skilið hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og fylgst með framgangi skólastarfsins er mikilvægt að þeir kynni sér inntak aðalnámskrár.



Af þeim sökum stóðu **Heimili og skóli** fyrir kynningarfundum víðs vegar um landið árið 2013-2014 þar sem foreldrum var boðið að koma og fræðast um nýja aðalnámskrá. Í kjölfarið tók starfsfólk Heimilis og skóla saman efni í hnitmiðaðan fræðslupakka sem nýst getur einstaka foreldrum til þess að átta sig á aðalatriðum og helstu álitamálum

sem og foreldrafélögum og skólaráðum til þess að fylgjast með innleiðingu námskrárinnar í sínu heimahéraði. Fræðslupakkinn samanstendur af stuttri lýsingu á helstu þáttum námskrárinnar og lykilsurningum þeim tengdum auk þess sem bent er á ítarefni þegar það á við.



HVAÐ ER AÐALNÁMSKRÁ?

Aðalnámskrá er rammi utan um allt skólastarf í landinu og er henni ætlað að tryggja börnum og ungmönnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Innan rammans hafa verið skilgreindir sex grunnþættir sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu og eru sameiginlegir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í skólakerfinu.

Grunnþættirnir eru læsi, sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi. Aðalnámskrá mótast af gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum og er henni ætlað að þjóna mörgum aðilum. Má þar nefna nemendur, kennara, stjórnendur skóla og annað starfsfólk. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra svo þeir geti fylgst með starfsháttum skólans, árangri skólastarfs og velferð og líðan nemenda. Hægt er að nálgast aðalnámskrár [leikskóla](#), [grunnskóla](#) og

[framhaldsskóla](#) í heild sinni á rafrænu formi.

Eins og fram kemur í [lögum um grunnskóla](#) frá 2008 bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna og á að þau sækji skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og eiga að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Einnig ber þeim að fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara þeirra. Í aðalnámskrá segir m.a. að foreldrar eigi að greina skólanum frá atriðum sem geta haft áhrif



á námsframvindu, ástundun og hegðun. Foreldrar eiga jafnframt að fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna sem og í skólastarfi almennt. Í aðalnámskrá segir einnig að foreldrar skuli hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna.

Sérhver skóli semur sína skólanámskrá. Þar gerir skólinn grein fyrir því hvernig hann

nýtir það svigrúm sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veitir. Í raun er undir hverjum skóla komið að útfæra aðalnámskrá í sinni heimabyggð. Því er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um innihald og markmið aðal- og skólanámskrár svo þeir geti stutt sem best við nám barna sinna.

GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR

Grunnpættir menntunar eru eins og áður segir sex talsins: [læsi](#), [sköpun](#), [jafnrétti](#), [sjálfbærni](#), [heilbrigði og velferð](#), [lýðræði og mannréttindi](#). Grunnpættirnir eru siðferðileg, samfélagsleg og uppeldisfræðileg gildi sem ekki eru bundin við einstakar námsgreinar heldur eru viðfangsefni þvert á þær og eiga að einkenna allt skólastarf og skólabrag. Grunnpættirnir eru sameiginlegir leik-, grunn- og framhaldsskólastiginu; hvert skólastig tekst á við þá út frá sínum forsendum.

Ef við tökum grunnpáttinn sjálfbærni sem dæmi þá er hægt að gera sér í hugarlund að leikskólabörn kynnist hugmyndinni um sjálfbærni með náttúru- eða hráefnatengdum verkefnum. Þau gætu safnað saman lífrænum og ólífrænum

úrgangi í sama safnkassann og fylgst með hverju náttúran getur tekið við í hringrás sína og hverju ekki. Auk þess fá þau tækifæri til að smíða leikföng og listaverk og elda eða baka sína eigin hressingu og þannig má koma að þeirri hugmynd að



að hægt sé að vera sjálfum sér nægur um margt. Þegar í grunnskólann er komið bjóða list- og verkgreinar upp á ótal möguleika til að gefa gömlum hlutum nýtt hlutverk í skapandi starfi og auk þess er hægt að leggja inn hugleiðingar um sjálfbærni í heimilisfræðitímum: erum við að notast við aðflutt hráefni með tilheyrandi umhverfiskostnaði eða hráefni úr heimabyggð? Á efri stigum grunnskólans eða í framhaldsskólanum er hægt að skoða hugtakið út frá öðrum sjónarhornum. Hægt væri að velta því fyrir sér hvort og hvernig íslenskt samfélag fyrri alda hafi verið sjálfbærara en það er í dag í sögutímum eða þá að ungmenni veltu því fyrir sér í lífsleiknitímum hvað það sé að vera fjárhagslega sjálfbær. Grunnþættirnir einskorðast ekki eingöngu við inntak námsins heldur hafa þeir einnig hlutverki að gegna í umgjörð skólastarfsins [eins og lesa má um hér](#) (á síðu 26 í Tímariti Heimilis og skóla).

Eins og sést af þessum dæmum er hægt að taka hvern grunnþátt fyrir á ólíkan hátt á hverju skólastigi og í raun er það ímyndunaraflið sem setur helstu

skorðurnar á hvernig hægt er að flétta grunnþættina inn í skólastarfið. Þó ber að taka fram að grunnþættir á borð við Sköpun og Lýðræði krefjast þess að námið sé hvorki einhæft né einstefnumiðað (þar sem kennslustundir byggjast alfarið á fyrirlestrum kennara fyrir framan óvirka nemendur). Nú á að beita skapandi nálgun í öllu námi með því að ýta undir forvitni og tilraunir af hálfu nemenda, með hæfilega opnum verkefnum og vali á leiðum við úrvinnslu og miðlun, hlúa að gagnrýnu hugarfari með því að beita uppbyggilegum efa, snúa hugmyndum á haus og uppgötva óþekkt tengsl. Eins þarf kennarinn að geta stigið út fyrir hefðbundið miðlunarhlutverk sitt og kynt undir virkni og ábyrgðartilfinningu nemenda, leyfa þeim að spyrja sinna eigin spurninga, rannsaka, rökstyðja og tjá sig (líka um umdeild mál).

Hægt er að fá góða kynningu á hverjum grunnþætti fyrir sig í [kynningarriti um nýja aðalnámskrá](#), á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins [Nám til framtíðar](#) og á [aðalnámskrársvæði Heimilis og skóla](#).





LYKILSPURNINGAR

- Hve langt er innleiðing grunnþátta menntunar komin í skólanum?
- Eru foreldrar almennt upplýstir um að verið sé að vinna með og innleiða grunnþættina?
- Hvaða tækifæri sjáum við til þess að flétta jafnvíð og margslungin hugtök og grunnþættirnir eru við skólastarfið - þvert á greinar?
- Hvað gerir skólinn til þess að auka lýðræðisþroska nemenda og jafnréttisvitund?
- Hvað gerir skólinn til þess að hlúa að sköpunarþrá barnanna?
- Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsháttum meðal nemenda?

HÆFNI OG LYKILHÆFNI

Hæfni er fyrirferðamikið hugtak í nýrri aðalnámskrá og er tilefni til að staldra við og ígrunda það nánar. Hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofin siðferðilegum viðhorfum nemenda og gagnrýnni hugsun. Hlutverk skólakerfisins er nú að stuðla að því að móta hæfa einstaklinga í þessum skilningi - ungt fólk sem býr yfir ákveðinni grunnþekkingu, leikni til þess að vinna úr henni og miðla á fjölbreyttan, gagnrýnninn og skapandi hátt. Hér er verið að huga að alhliða þroska nemenda: að þeir búi við lok grunnskólans yfir hæfni sem nýtist þeim í samfélagi sem er sífellt að breytast og gildum sem stuðla að farsæld þeirra sjálfra og samfélagsins alls.

Til þess að átta okkur betur á hæfni-hugtakinu eins og það er notað í aðalnámskrá er gagnlegt að hugsa út í hvað geri lækni að hæfum lækni eða flugvirkja að hæfum flugvirkja (í raun á þetta við um hvaða starfsgrein sem er). Læknirinn og flugvirkinn þurfa vissulega að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á sínu sviði sem og mikilli leikni í þeim aðgerðum sem fylgja starfinu en við viljum jafnframt að fólk sem gegnir slíkum störfum búi yfir siðrænum gildum

á borð við ábyrgðartilfinningu og þjónustulund og beiti gagnrýnni hugsun í starfi. Á sama hátt er grunnþáttunum (sem eru siðferðileg, samfélagsleg og uppeldisfræðileg gildi eins og áður hefur komið fram) ætlað að fléttast við þá þekkingu og leikni sem skólakerfið leitast við að ljá börnum.

Hæfniviðmið einstakra greina er að finna í greinasviði námskrárinnar (sem hefst á bls. 84). Þar geta börn, foreldrar og



forsjáraðilar fylgst með því til hvers er ætlast af nemendum og hvaða hæfni þeir eiga að tileinka sér. Einnig eru ákveðin hæfniviðmið þvert á greinar sem kallast lykilhæfni og eru skilgreind í fimm þáttum eins og sjá má á [veggspjaldi um lykilhæfni](#):

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinna*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi*

Lykilhæfnin snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans, sjálfsvitund og samskiptahæfni og leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi. Menntagildi lykilhæfninnar felst meðal annars í því að

búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og að þeir hafi getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar fram líða stundir. Í gegnum tíðina hefur skólakerfið lagt ríkari áherslu á þekkingu en nokkuð annað í hefðbundinni kennslu og metið hana í stöðluðum prófum. Hæfnihugsunin felur hins vegar í sér að hlúa þurfi að leikninni – hagnýtingu og miðlun þekkingarinnar sem og umlykjandi siðferðisviðhorfum, gildum og gagnrýnni hugsun til þess að öðlast hæfni. Einhæft kennslufyrirkomulag þar sem kennarinn er í fyrirrúmi og próf allsráðandi er ekki líklegt til þess að skila árangri. Til þess að grunnskólinn skili af sér hæfu ungu fólki þurfa starfshættir hans að vera fjölbreyttir; bjóða þarf nemendum upp á margvísleg verkefni, fjölbætta kennslu og ýta undir skapandi og hvetjandi andrúmsloft.





LYKIL- SPURNINGAR

- Hverjir eru helstu kostir/ókostir hæfnihugsunarinnar?
- Hvaða áskoranir sjáum við fyrir í tengslum við að innleiða hæfnihugsunina í íslenska skóla?
- Gefa hæfniviðmiðin svigrúm fyrir hið óvænta í námi – eru þau of stíf?
- Gefa þau nemendum tækifæri til þess að nálgast námsefnið á eigin hátt?
- Hvernig tengjast grunnþættirnir hæfniviðmiðunum? Verður togstreita þar á milli?
- Geta eða eiga hæfniviðmið að ná utan um viðhorf og gildismat nemenda?

NÝTT OG FJÖLBREYTT NÁMSMAT

Ný aðalnámskrá leggur áherslu á fjölbreytileika í námsmati sem skal vera í samræmi við hæfniviðmið, áherslur í kennslu, taka mið af ástundun, virkni, vinnubrögðum og framförum nemenda og höfða til flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklings- og hópa- verkefni og styðjast við námsmöppur, vinnubækur og próf (sjá síður 26 og 57 í aðalnámskrá grunnskóla). Í þessu samhengi er leiðsagnarmat mikilvægt þar sem nemendur velta námi sínu og eigin markmiðum reglulega fyrir sér með hjálp kennara.

Aðalnámskrá kveður enn fremur á um að einkunnir skuli gefnar í bókstöfunum A, B, C og D við brautskráningu nemenda úr grunnskóla en einnig er mælt með

því að hann verði notaður við lok 4. og 7. bekkjar sem og almennt í námsmati. Kvarðann má laga að þörfum skólans og aðstæðum hverju sinni:

A	B	C	D
Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.



Með þessu verður ekki lengur stuðst við hinn hefðbundna einkunnaskala í tölustöfunum 0 – 10 við lokamat grunnskólans. Vert er að taka fram að hugsunin með nýja námsmatinu er ekki sú að hægt verði að umreikna gamla skalann yfir á þann nýja (t.d. með því að hugsa sér að B jafngildi 6 – 8, C samsvari 4 – 6 o.s.frv.). Nýja skalanum er ætlað að ná betur utan um fjölbætta hæfni nemenda hvað einstakar námsgreinar og lykilhæfni varðar og er þar af leiðandi með víðari flokka. Því verða fleiri nemendur með sömu einkunnir en áður; þ.e. sá hópur nemenda sem fær einkunnina B hefur haft ólíka stöðu í gamla einkunnakerfinu.

Til að fá skýrari hugmynd um hvað bókstafirnir standa fyrir er gagnlegt að líta á eftirfarandi dæmi um matsviðmið í samfélagsgreinum (fulla lýsingu er að finna á bls. 207 í [aðalnámskrá grunnskóla](#)):

A Nemandi getur sýnt fram á mjög góðan skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Á skipulegan, sjálfstæðan og gagnrýninn hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar...

B Nemandi getur sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Á skipulegan og sjálfstæðan hátt aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar...

C Nemandi getur sýnt fram á sæmilegan skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Að vissu marki aflað sér, hagnýtt og metið upplýsingar...

D er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C. Í þeim tilfellum þarf skólinn að gera sérstaklega grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

Nýja einkunnakerfið inniheldur einnig **B+** og **C+** sem getur nýst þegar nemendur hafa náð að hluta þeim viðmiðum sem lýst er í aðalnámskránni. Engin matsviðmið eru til fyrir þessa viðbót heldur gildir það að sá sem hefur náð meginþorra B matsviðmiða og náð einstökum þáttum í A getur fengið B+ og sá sem hefur náð meginþorra C matsviðmiða og einstökum þáttum í B getur fengið C+.

Fái barn B telst það hafa staðist allar þær kröfur sem námskráin gerir til þess. Því má líta svo á að það sé mjög gott að fá B.



Sé litið á dæmin hér að ofan má sjá að það er gagnrýnin hugsun (auk afbragðs skilnings og sjálfstæðra vinnubragða) sem sker á milli nemanda sem fær A og nemanda sem fær B. Einnig skiptir máli getan til að ná utan um viðfangsefnið og líta það gagnrýnum augum sem og að stíga út fyrir efnið og beita eigin dómgreind, spyrja spurninga, sjá þverstæður og uppgötva ónýtta möguleika svo dæmi séu tekin. Nemandi sem fær C uppfyllir hins vegar ekki allar þær kröfur sem námskráin gerir til hans, skilningur hans er sæmilegur og hann getur að vissu marki aflað sér og greint upplýsingar. Nemendur sem eiga við alvarlega námsörðugleika eða fötlun að stríða munu áfram fá stjórnumerktar einkunnir með nánari lýsingu á hæfni þeirra og stöðu.

Nýja námsmatið er umdeildasti þáttur námskrárinnar og hafa ýmsar áhyggjur verið viðraðar í tengslum við það. Hörðustu gagnrýnendur hafa haldið því fram að nýtt námsmat boði verðbólgu í einkunnum og gjaldfellingu á íslensku námi, það sé of loðið, huglægt og undir duttlungum hvers og eins kennara komið; B hjá einum kennara sé ekki sama B og hjá þeim næsta, hvað þá á milli skóla. Enn fremur hefur verið bent á að það geti virkað letjandi á nemendur að hafa

breiða einkunnaflokka og að erfiðara verði að mæla árangur á milli verkefna og prófa.

Innleiðing nýs námsmatskerfis kallar á vönduð vinnubrögð, gott upplýsingaflæði og yfirvegaða umræðu. Þrátt fyrir ofantaldar áhyggjur á nýja námsmatið að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Það á að lýsa á raunsæjan hátt hversu vel nemandi hafi skilgreinda hæfni á valdi sínu samkvæmt hæfniviðmiðum hvernar námsgreinar (sem finna má í greinasviði aðalnámskrár grunnskóla). Eins má gera ráð fyrir að áhersla á fjölbreytt námsmat bjóði grunnskólabörnum upp á fleiri leiðir til þess að sýna styrkleika sína en áður hefur þekkt og hafa í huga að gamla námsmatið var ekki algjörlega samræmanlegt milli skóla – að fá 8 hjá kennara í einum skóla var ekki endilega það sama og að fá 8 hjá kennara í öðrum skóla.



Jafnviðamiklar breytingar og þessar kalla eflaust fram óöryggi og ráðaleysi í einhverjum tilfellum, vantrú og tortryggni á námsmat sem þykir of óljóst og ómarkvisst en „við megum ekki einblína á það sem er auðvelt að mæla og halda að það sé allt sem máli skipti“ eins og [einn viðmælandi](#) okkar komst að orði.





LYKILSPURNINGAR

- Hverjir eru helstu kostir/ókostir nýja námsmatsins?
- Hverjar eru helstu áskoranirnar í tengslum við innleiðingu nýs námsmats?
- Erum við að fórna einhverju mikilvægu með því að hætta að gefa einkunnir í tölustöfum?
- Hvaða áhrif mun það hafa að fleiri nemendur verði með sömu einkunn en áður?



TENGLI VIÐ NÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Breytt fyrirkomulag námsmats í grunnskóla tengist námi á framhaldsskólastigi með beinum hætti, en því er skipað á fjögur hæfniþrep sem skarast við grunn- og háskólastigin. Mikilvægt er að rugla hæfniþrepunum ekki saman við fjölda námsára á framhaldsskólastigi; hæfniþrepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, hæfni og leikni og er því nær að hugsa um þau sem ramma utan um mismunandi kröfur. Við komuna úr grunnskólanum hefja nemendur nám á fyrsta eða öðru þrepi framhaldsskólans, eftir því hvernig þeir standa að vígi eftir grunnskólanám. Mat á hvaða hæfniþrep henti hverjum og einum nemanda er í höndum framhaldsskólans en hann nýtir einkunnir við lok grunnskólans til leiðsagnar um í hvaða námsáföngum á fyrsta eða öðru hæfniþrepi þeim hentar að hefja nám. Framhaldsskólinn hefur samráð um þetta við nemendur og forsjáraðila en ávallt er um einstaklingsmiðað mat að ræða.

Þannig má sjá fyrir sér að nemandi sem fær A í tilteknu fagi fái að byrja á öðru þrepi í því fagi en standi hann verr að vígi í öðrum (með C eða D) fögum fari hann á fyrsta þrep í þeim sem og í nýjum fögum. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að sjá til þess að ungmenni fái verkefni við hæfi

við komuna í framhaldsskólann og hjálpa þannig til í baráttunni gegn brottfalli. Rannsóknir hafa leitt í ljós að margir upplifa endurtekningu í námi á fyrsta ári framhaldsskólans auk þess sem misjafnt er hvort nemendur ráða við þau verkefni sem bíða þeirra í framhaldsskólanum.



Nemendum gefst nú kostur á að ljúka námi af námsbrautum sem skilgreindar eru á ólíkum hæfniprepum:

- Fyrsta þrepið er á mörkum grunn- og framhaldsskóla og felur í sér almenna menntun með áherslu á alhliða þroska og lýðræðislega virkni og undirbúning undir störf í atvinnulífinu sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar og eru unnin undir stjórn eða eftirliti annarra. Námslok á fyrsta hæfniprepi geta t.d. falist í Framhaldsskólaprófi.
- Námslok á öðru þrepi felast í stuttri sérhæfingu sem nýst getur sem undirbúningur fyrir frekara nám eða veitt réttindi til starfa á borð við bókasafnstækni, matsvein, kjötskurðarmann, fatatækni, stuðningsfulltrúa o.fl.
- Þriðja hæfniprep gerir enn meiri kröfur um þekkingu, leikni, hæfni og sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám. Námslokin geta falist í stúdentsprófi, sveinsprófi

í iðngreinum auk ýmissa annarra lokaprófa s.s. af listnámsbrautum og í fjölmiðlatækni.

- Fjórða hæfniprepið er á mörkum framhalds- og háskólastigsins og felur í sér aukna faglega sérhæfingu og/eða dýpkun þekkingar í tengslum við þróun eða nýsköpun. Nám á fjórða þrepi getur mögulega verið metið til ECTS eininga.

Hafa skal í huga að ljúki nemendur námi á fyrsta eða öðru þrepi geta þeir síðar meir hafið nám að nýju á næsta þrepi fyrir ofan. Nánari lýsing á hæfniprepum og mismunandi námslokum er að finna í [aðalnámskrá framhaldsskóla](#) (bls. 41–49). Þrepakerfinu er enn fremur ætlað að gera íslenska nemendur samkeppnishæfari í Evrópu þar sem hinn íslenski hæfniramma náms á grunn-, framhalds- og háskólastigi er samanburðarhæfur við evrópska hæfnirammann, eins og sjá má á þessu [veggspjaldi](#).



AÐKOMA FORELDRA

Í skólanámskrá gerir skólinn grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana sem námskráin veitir og er þar að finna nánari útfærslu á ákvæðum aðalnámskrár: innleiðingu grunnþátta, markmiðum náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár, námsmati skólans og vitnisburðakerfi o.fl. Því er mikilvægt að foreldrar séu bæði meðvitaðir um innihald aðalnámskrár og útfærslu hennar í skólanámskrá.

Foreldrar geta komið að mótun skólanámskrárinnar í gegnum skólaráð, en foreldrum er tryggð seta í skólaráðum skv. 8 gr. [grunnskólalaga frá 2008](#). Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Í því sitja tveir fulltrúar foreldra og er hlutverk þess m.a. að taka þátt í stefnumörkun

skólans og mótun sérkenna hans, fjalla um skólanámskrá og veita umsagnir um áætlanir og meiriháttar breytingar á skólahaldi.

Eins geta foreldrar stuðlað að kynningu á nýrri aðalnámskrá og umræðu um hana.



FRÆÐSLA OG FUNDIR

Kjósi skólar eða foreldrafélög að halda fræðslu- og umræðufund um nýja aðalnámskrá er þar kjörið tækifæri til að hefja samræðu á milli foreldra í skólanum. Til þess að slíkur fundur verði vel heppnaður er gott að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Þjóða til fundar með a.m.k. viku fyrirvara og kynna dagskrá í fundarboði.
- Þjóða gesti velkomna í upphafi / merking í barminn.
- Léttar veitingar: Kaffi og meðlæti.
- Stutt kynning eða innlegg í upphafi fundar. Dæmi: Hversu langt er innleiðing aðalnámskrár komin í skólanum? Hvað getur skólinn nýtt sér sem hann er að gera nú þegar við innleiðingu grunnþátta menntunar? Framkvæmd nýs námsmats. Hægt er að styðjast við lykilsurningar hér á undan.
- Hægt er að raða upp í kaffihúsastíl, skipta gestum upp í hópa og deila umræðuefni milli þeirra (fer eftir fjölda þátttakenda).
- Passa vel upp á að halda fundartímann. Ekki of langt en gefa samt svigrúm til umræðna og fyrirspurna.

▶ Lokið á stutttri samantekt ritara.

Einnig er hægt að hafa samband við **Heimili og skóla – landssamtök foreldra** til að fá fyrirlestur og umræður um efnið.

Vefpóstur: heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

Sími: 516 0100





Heimili og skóli
Landssamtök foreldra